



Mercedes-Benz

Akstursþjálfun hjá Mercedes-Benz í Þýskalandi

Mercedes-Benz í Þýskalandi og Ökuland bjóða upp á akstursöryggisnámskeið í Þýskalandi fyrir ökumenn og eigendur vörubíla sem og aðra áhugasama.

Auk akstursþjálfunar verður farið dagsferð í nágrenni við Svartaskóg í suðurhluta Þýskalands þar sem Mercedes safnið í Stuttgart og Unimog safnið í Gaggenau verða skoðuð.

18.11.2021 – Fimmtudagur:

- Flogið til Frankfurt með Icelandair að morgni og lent í Frankfurt um hádegisbil.
- Ekið til Karlsruhe, akstur í 2 klst.
- Gist í Karlsruhe næstu þrjár nætur í einmannsherbergi.

19.11.2021 – Föstudagur:

- Ekið til Stuttgart, þar sem Mercedes Benz safnið verður skoðað.
- Unimog safnið í bænum Gaggenau skoðað.

20.11.2021 – Laugardagur:

Akstursöryggisnámskeið - **sjá nánari dagskrá á næstu síðu.**

- Akstursþjálfun á æfingasvæði (túlkað á íslensku).

21.11. 2021 - Sunnudagur:

- Ekið til Frankfurt, þaðan sem flogið verður heim og lent seinnipartinn.

Verð á mann er 199.000.- kr.

Innifalið er flug fram og til baka, flugvallarskattar, námskeiðsgjald fyrir akstursþjálfun, ferðir milli staða, aðgangur að söfnum, leiðsögn og gisting í einmannsherbergi í þrjár nætur með morgunmat.

Kostnað af ferðinni er að hluta til hægt að sækja í starfsmenntasjóði stéttarfélagi og fræðslusjóði Samtaka atvinnulífsins og Félags atvinnurekanda.

Fararstjóri og túlkur á námskeiðinu verður Guðni Sveinn sem veitir nánari upplýsingar í netfangi guдни@okuland.is / sími 899 1779 og sér hann einnig um að skrá þátttakendur. 12 sæti eru laus núna og skráningu lýkur 4. október.



Akstursöryggisnámskeið

Akstur án þess að stofna sér í hættu: Auk bóklegs þáttar upplifir þú akstur við viðsjárverðar aðstæður á sérhönnuðum bíl með vagni og lærir hvernig meta skal aðstæður rétt og af öryggi.

Innihald námskeiðsins:

- Eðlisfræðileg lögmál, að þekkja og forðast hættulegar aðstæður á vegi.
- Að bremsa og sveigja framhjá hindrun við misjafnt undirlag.
- Akstur með háan þyngdarpunkt á vagni.
- Rétt aksturslag í gegnum beygjur og rétt beiting á bremsum við beygjur.
- Æfingar á sérstökum ökutækjum.
- Bremsuæfingar og sveigja framhjá hindrun á bíl með vagni.

Kröfur um ökuréttindi: Ökuskirteini fyrir flokk C og CE

Staðsetning:

Lengd námskeiðs: 7 klukkustundir

Námskeiðið fæst metið sem sérhæft námskeið í vali samkvæmt námskrá.